

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti.

Frá atvinnuveganefnd.

1. Í stað orðanna „Land og haf“ í aðgerð A.1 komi: Land.
2. Í stað orðanna „Endurskoðun á þriggja ára fresti“ í aðgerð A.2 komi: Endurskoðun verði á þriggja ára fresti.
3. Í stað orðanna „Hvatning til að“ í aðgerð A.5 komi: Hvatt verði til að.
4. Í stað orðanna „Bifreiðar að mestu“ í aðgerð A.6 komi: Bifreiðar verði að mestu.
5. Í stað orðanna „Land, haf og loft“ í aðgerð B.4 komi: Land og haf.
6. Liðurinn *Lýsing* í aðgerð C.1 orðist svo: Gefin verði út samgöngustefna fyrir Stjórnarráðið og undirstofnanir sem feli í sér setningu markmiðs um aukna hlutdeild vistvænna bifreiða í opinberum innkaupum. Meginreglan verði að vistvænar bifreiðar verði fyrsti valkostur í innkaupum nema starfsaðstæður og notkun krefjist annarra lausna.
7. Síðari málsliður liðarins *Lýsing* í aðgerð C.2 orðist svo: Sveitarfélög landsins verði hvött til að innleiða formlega samgöngustefnu sem taki mið af vistvænum samgöngum með áherslu á bættar almenningssamgöngur og hjóla- og göngustígagerð, sem og með úthlutun lóða til fjölorkustöðva og ívilnunum fyrir hreinorkubifreiðar.
8. Við C-lið bætist ný aðgerð er verði C.6, svohljóðandi:

Svið: Land, haf og loft.

Lýsing: Reiknað verði út hvaða áhrif aðgerðaáætlun um orkuskipti hafi á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda með tilliti til skuldbindinga Íslands í loftslagsmálum, sbr. samning milli Íslands og Evrópusambandsins og aðildarríkja þess um þátttöku Íslands í sameiginlegum efnudum á skuldbindingum Íslands, Evrópusambandsins og aðildarríkja þess á öðru skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar við rammamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og sambærilegan samning við Evrópusambandið og aðildarríki þess vegna Parísarsamkomulags Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem nú er unnið að.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Umhverfisstofnun.